

Fundur 16.1.2023 Ellen Collridge, Bandarísk kona.

Komið þið sælir.

Já komdu sæll.

Heilsa ég ykkur frá fjarlægum hnetti og vona ég að þið heyrið til mín og

Sæll og velkominn.

Já, sælir, er ég að vísu kona.

Já.

En þakka fyrir samt og ætla nú að reyna að koma mér hér við og finnst mér eins og ég hafi ekki fulla orku í sambandinu en vonandi er það að lagast, já ég heilsa ykkur frá fjarlægum landi og hnetti og finnst mér það stórundarlegt að tala til ykkar um svo langan veg.

Og er það ekki venja mín að tala á þessum fundum og þarf ég að safna í mig kjarki til að tala fyrir framan mannfjöldann sem hér er í salnum og ímynda mér að ég tali við ykkur.

Er mér hjálpað af öðrum næmum einstaklingum sem í kringum mig standa til að skynja ykkar umhverfi og eru mér gefnar skyndimyndir úr minni margra á ykkar landi og víðar og skynja ég að kalt sé í veðri og vetur hjá ykkur og landið lítið en ekki kom ég til þess lands á meðan ég var í lífanda lífi.

Og hef ég lengi hlakkað til að tala við gömlu jörðina aftur, en ekki bjóst ég við því að tala við mitt heimaland og fólkið sem ég þekki, þar sem ég hef aðeins talað við spíritista og þeir hafa ekki skilið að ég er stödd á jörð sem er svipuð því sem jörðin var sem ég fæddist á fyrst.

Og finnst mér það mjög merkilegt að ég skuli tala við gömlu jörðina og fá þannig aftur jarðsamband og jarðtengingu við mína fyrstu sköpunar stöð og frumlífs jörð, eins og mér er sagt að kalla þetta.

Og þurfti ég að læra þetta um langa hríð, þar sem mér þótti þetta svo framandi, miðað við það sem ég hafði lært um endurholdgun og sálnaflakk og kristna trú og vistaverur föðurins á himni og í víti.

Og finnst mér að stórkostlegt að hafa þetta nú á valdi mínu og hafa náð tökum á lífi mínu eftir mörg og erfið ár. Og átti ég við ýmsa djöfla að draga í mínu lífi sem ég hef loksins losnað við og á ég þar við ýmsa fíknisjúkdóma eins og áfengisfíkn og dópíkn.

Og er nokkuð langt síðan ég fór af jörðinni gömlu en hef ég nú snúið blaðinu við og hef ég einbeitt mér að því að hjálpa öðrum sem eru í sömu stöðu og ég var í þegar ég fór af jörðinni gömlu og nálgast þau á þeirra forsendum og í þeirra kröppu kjörum sem kom hér yfir í slíku ástandi.

Og hefur mér fundist erfiðast við þá reynslu og við þá vinnu að hjálpa þeim, að margir þeirra hafa farið á hina myrkari staði og veit ég til þess að glæpaverk ýmiskonar fylgja þessum lífnaðarhætti.

Og finn ég að tök mín á því að hjálpa þeim eru takmörkuð og er ég öll að vilja gerð og hef ég oft og mörgum sinnum fengið sambönd við þá vini og kunningja eða fólk sem ég tengi við sökum sameiginlegrar lífsreynslu.

En ekki get ég hjálpað þeim nema mjög takmarkað og finnst mér það oft sárt og erfitt, en hafa hér stundum komið Guðir og Gyðjur í sambandið.

Og er það mín stórkostlegasta lífsreynsla þegar tvö eða fleiri sambönd hafa verið virkjuð í þessari stjörnusambandsstöð í einu og ég og fleiri sem eru hér stödd geta verið milliliðir á milli Guðanna

og þeirra sem þurfa á orkunni að halda og getum við þannig sent hana beint niður til vítanna og hjálpað þeim bágstöddu á þann hátt.

Og skilja þau ekki alltaf hvernig á því stendur að þeirra kringumstæður batna, því ekki tekst okkur alltaf að koma á vitsambandi við þau en það hefur þó einstaka sinnum komið fyrir að við höfum getað komið með sambönd við þau og reynt að útskýra um hvað málið snýst.

Já ég dó fyrir um það bil fjörutíu árum í Michigan, Ellen Collridge, er nafn mitt. Og tók það mig að minnsta kosti tíu ár að losna úr viðjum fíkninnar.

Og kynntist ég góðum hjónum sem höfðu trú á mér og sögðu þau að ég myndi verða brautryðjandi í þessum málum og ef mér tækist að ráða bót á eigin fíkn, gæti ég leitt aðra til hjálpar.

Hef ég heyrt að Jahve leggi það mjög á sig að trufla líf okkar til að við njótum ekki fullrar líforku og hæfileika okkar til fulls og er það mikið verk óunnið að hjálpa öllum þeim mágstöddu sem eru undirmáls fólk vegna vímuefna og fíknar.

Og vona ég að það takist en verð ég nú að segja að það er allt að helmingur þeirra sem við reynum að hjálpa sem fellur aftur og er þetta mjög erfitt við að eiga, en heyrt hef ég að á betri framlífs jörðum sé fullkominn árangur af lífgeisla lækningum og þar takist að ná til allra og bjarga þeim öllum til betra lífs.

Hef ég heyrt af því á ykkar jörð að hugmyndir séu uppi um lögleiðingu fíkniefna og finnst mér það vera varhugavert.

Get ég kannski svarað nokkrum spurningum áður en ég fer.

*Hvaða álit hefur þú á því að nota sveppina til lækninga?*

*Eins og verið er að ræða mikið núna.*

*Sérstaklega geðsjúkdóma.*

Já ég hef heyrt um það og hér hefur sú umræða einnig verið og það getur farið illa ef það fer úr böndunum, þar sem helstefna er í þjóðfélaginu, þar er hætt við því að fólk muni nota þessi efni í óhófi og þannig að þau raski hugarstarfssemi og líkamsstarfsemi meira heldur en þau hjálpa og ætla ég þó að taka undir það að hægt er að vinna úr þessu lyf sem geta gagnast sumum en við teljum ekki að það sé alsherjar lausn, heldur þurfi lífgeisla lækningar og frá þeim sem æðri eru, en ég styð þetta að því marki að ef þetta er gert undir eftirliti lækna, þá mundi það ekki valda miklu eða neinu tjóni.

En hef ég áhyggjur að ekki sé þjóðfélag ykkar alveg tilbúið að hleypa þessu lausu og getur það farið út í ógöngur, bið ég ykkur að fara mjög varlega í þessu.

*Já takk fyrir.*

Verið þið nú sælir og verð ég nú að kveðja og hleypa öðrum að, þakka ég kærlega fyrir og hefur þetta styrkt mig og vonandi að ég komi síðar, verið þið sælir.

*Vertu blessuð og gangi þér vel áfram.*

Takk fyrir.